



Bjartsýni eykst meðal landsmanna

Væntingar landsmanna til atvinnu- og efnahagsástandsins eftir 6 mánuði hafa ekki verið hærri síðan 2003. Það er ljóst að mun meiri bjartsýni ríkir nú samanborið við síðustu kreppu og má gera ráð fyrir því að neysla þróist eftir því. Ferðalög til útlanda verða að líkindum fá í sumar en þess í stað mun fólk eflaust ferðast innanlands líkt og í fyrra, og jafnvel á umhverfisvænni máta en áður ef marka má nýskráningar á vistvænum bílum.

Vísbendingar um að einkaneysla aukist


Væntingar almennings til atvinnu- og efnahagsástandsins hafa aukist talsvert á síðustu mánuðum, sér í lagi ef horft er til stöðunnar eftir sex mánuði. Væntingavísitala Gallup er byggð á viðhorfi almennings til efnahags- og atvinnuástands og merkja gildi yfir 100 að fleiri séu bjartsýnir en svartsýnir á stöðuna. Í febrúar mældist vísitalan yfir 100 stigum í fyrsta sinn síðan í júlí 2018. Vísitalan samanstendur af mati fólks á núverandi stöðu og væntingum til stöðunnar í framtíðinni. Hátt gildi vísitölunnar nú má helst rekja til þess að væntingar til næstu mánaða mældust miklar.

Nokkur fylgni virðist vera milli væntinga almennings og einkaneyslu. Niðurstöðurnar nú benda því til þess að einkaneysla gæti orðið nokkuð kraftmikil á komandi misserum, sér í lagi ef vel tekst til við bólusetningar.

Væntingar til næstu 6 mánaða ekki mælst hærri síðan 2003


Væntingar almennings til næstu 6 mánaða hafa haldist nokkuð vel í heldur við bylgjur Covid-19-faraldursins hér á landi. Þær lækkuðu talsvert við upphaf síðasta árs þegar fyrsta bylgjan reið yfir, glæddust síðasta sumar og lækkuðu svo á ný síðastliðið haust. Í nóvember komust þær upp fyrir 100 stig og hafa síðan hækkað nær stöðugt milli mánaða. Væntingar mældust 149 stig í febrúar sem er hæsta gildi sem hefur mælst síðan í maí 2003. Það er því ljóst að landsmenn eru bjartsýnir á að kreppan verði stutt og ástandið batni fljótt. Samkvæmt könnun Gallup ríkir mun meiri bjartsýni í þessari kreppu samanborið við þá síðustu.

Einkaneysla og væntingar



Gildi yfir 100 sýnir að fleiri eru bjartsýnir en svartsýnir. Ársfjórðungslegar tölur, nýjustu gildi vísitölunnar eru meðaltal jan. og feb. 2021. Heimild: Gallup, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands

Væntingavísitala Gallup



Gildi yfir núll merkir að væntingar til næstu 6 mánaða séu meiri en mat á núverandi stöðu. Heimild: Gallup, Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Svartsýni gagnvart núverandi stöðu

Mat almennings á núverandi ástandi hefur batnað frá því sem var sl. haust en mælist þó enn nokkuð lágt og eru fleiri svartsýnir en bjartsýnir á stöðuna. Það er einkennandi fyrir niðursveiflur að mat fólks á núverandi stöðu mælist verra en mat þeirra á stöðunni eftir 6 mánuði. Frá því á vormánuðum 2008 og fram til enda árs 2015 var staðan slík. Viðsnúningur varð árið 2016 þegar væntingar til næstu 6 mánaða urðu minni en mat fólks á núverandi stöðu. Með öðrum orðum taldi fólk útlit fyrir að staðan færi versnandi. Svo gerðist það í apríl í fyrra, þegar fyrsta bylgja faraldursins var í hámarki, að mat almennings á stöðunni mældist lægra en væntingar til hennar eftir 6 mánuði.

Utanlandsferðir ólíklegar þó ferðahug skorti ekki


Vísitala fyrirhugaðra stórkaupa hækkaði undir lok síðasta árs miðað við fyrri ársfjórðunga. Var það m.a. vegna hækkunar á vísitölu fyrirhugaðra utanlandsferða. Landsmenn virtust mun bjartsýnni á að komast til útlanda á næstunni þegar spurt var á fjórða ársfjórðungi samanborið við þann þriðja, enda bárust jákvæð tíðindi um þróun bóludefna um það leyti. Enn mælist vísitalan þó talsvert lág enda eru í gildi takmarkanir á ferðafrelsi fólks meðan að faraldurinn geisar. Samkvæmt könnun Ferðamálastofu ætla mun færri Íslendingar til útlanda í sumar samanborið við fyrri ár.

Færri en vistvænni bílar nýskráðir

Áform almennings um bifreiðakaup voru minni á seinni hluta síðasta árs en þeim fyrri og endurspeglast það í nýskráningum fólksbifreiða það sem af er ári sem dregist hafa saman um 13%. Fækkunin er mest í bensínbílum, en nýskráðir bensínbílar voru einungis 382 á fyrsta fjórðungi ársins samanborið við 587 í fyrra.


Bílar sem ganga fyrir vistvænum orkugjöfum eru orðnir sífellt algengari en tæplega 70% nýskráninga á fyrsta fjórðungi eru vegna slíkra bíla. Hlutfallið var til samanburðar 58% allt árið í fyrra og 31% árið 2019. Við sjáum því að neysla fólks virðist verða vistvænni ef marka má val á ferðamáta. Ferðalög verða eflaust að miklu leyti innlend í sumar og á einkabílum sem nú eru margir betri fyrir umhverfið en áður.

Vísitölur fyrirhugaðra stórkaupa



Vísitala fyrirhugaðra stórkaupa er meðaltal hinna þriggja vísitalanna. Ársfjórðungslegar tölur. Heimild: Gallup, Seðlabanki Íslands

Nýskráning fólksbifreiða



Nýir og notaðir bílar. Heimild: Samgöngustofa, Hagfræðideild Landsbanks



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.